

maí 2022



**NORÐURÞING**



**Samstarfssamningur**  
**milli**  
**Norðurþings og Golfklúbbs Húsavíkur**

# Samstarfssamningur milli Norðurþings og Golfklúbbs Húsavíkur.

---

## EFNISYFIRLIT

1.gr. Inngangur .....	2
2. gr. Markmið samningsaðila .....	2
3.gr. Helstu verkefni GH.....	2
4.gr. Félagsaðstaða GH .....	3
Rekstur Katlavallar .....	3
5.gr. Framlög og greiðslur Norðurþings .....	3

Norðurþing, kt. 640169-5599, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík og Golfklúbbur Húsavíkur (í samningi þessum nefnt GH), kt. 410878-0389, Katlavelli, 640 Húsavík, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

### **1.gr. Inngangur**

Með samstarfssamningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á íþróttastarfi í Norðurþingi.

Norðurþing skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með beinum fjárframlögum og stuðningi við félagið.

GH skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða upp á skipulagt félagsstarf þar sem lýðheilsa og forvarnagildi íþróttar er höfð að leiðarljósi. GH leggur metnað í að þjónusta og hlúa að almenningsíþróttafólki og efla hverskyns félagsstarf á heilsársgrundvelli.

### **2. gr. Markmið samningsaðila**

Markmið samningsaðila með samningnum er m.a. að skapa GH aðstæður til að bjóða uppá fjölbreytt og öflugt íþróttastarf, reka félags- og vallaraðstöðu sem þjónustar félagsmönnum og öðrum gestum Katlavallar.

*Allir iðkendur golfíþróttarinnar eiga að eiga geta vaxið og dafnað innan GH hvort sem átt er við þjálfun barna, unglinga og afreksfólks og þjónustu vegna almenningsíþróttar og félagsstarfs.*

*Katlavöllur spilar mikilvægt hlutverk sem aðdráttarafl fyrir gesti Sveitarfélagsins Norðurþings og eykur lífsgæði íbúa í heilsueflandi samfélagi.*

*Markmið samningsaðila er að bæta aðgengi fyrir gangandi og hjólandi íbúa og gesti sem vilja njóta útivistar á og í námunda við völlinn.*

### **3.gr. Helstu verkefni GH**

GH býður upp á öflugt íþróttar-, afreks-, tómstunda- og félagsstarf. Félagið rekur golfvöll og félagsaðstöðu til að halda utan um kröftugt og faglegt starf félagsins.

Faglegt starf barna og unglinga er í samræmi við gildandi stefnur er málið varðar.

#### **Golfvöllur/rekstur**

GH hefur starfandi vallarstjóra. Vallarstóri er í forsvari fyrir daglegum rekstri á Katlavelli.

Aðalstjórn GH ber ábyrgð á rekstri félagsins og stuðlar að framgangi þeirra verkefna sem ákveðin eru innan félagsins.

Fyrir framlag Norðurþings skal GH sjá til þess að það fari til reksturs og umsjónar með félagssvæði GH, sem telur golfvöll, félags- og búningaþstöðu, umsjón og nærumhverfi Katlavallar, og rekstur véla og búnaðar félagsins.

GH annast alla þjónustu við almenning, æfingar og mót á vegum félagsins og annarra sem nýta ofangreind svæði.

Öflug íþróttar – og félagsstarf gegnir mikilvægu forvarnarhlutverki. GH er aðili að forvarnarstarfi Norðurþings í samstarfi og samvinnu við önnur íþróttafélög.

GH tekur þátt í ýmsum menningartengdum viðburðum í samstarfi við Norðurþing sé eftir því leitað og mögulegt er. Samráð skal haft á milli forsvarsmanna GH og íþróttar- og tómstundafulltrúa Norðurþings um slíkt.

#### ***Faglegt starf***

GH leggur áherslu á jafnrétti og að allir geti stundað og tekið þátt í því starfi sem fer fram undir merkjum félagsins.

Mismunun á kynþáttum, trúarbrögðum, skoðunum, fötlun, efnahag eða öðru er eitthvað sem ekki viðgengst innan GH og er tekið fast á öllum málum sem kunna að koma upp þess efnis.

### **4.gr. Félagssvæði GH**

#### **Rekstur Katlavallar**

Norðurþing greiðir GH rekstrarstyrk samkvæmt samningi þessum vegna reksturs golfvallar á félagssvæði GH. Nánar er kveðið á um greiðslur í 5.gr. samnings.

GH sér um alla daglega umsjón, vöktun, umhirðu og þrif vegna golfvallar og tengdri starfsemi.

Vallarstjóri Katlavallar gætir þess að umgengisreglur á golfvelli og á félagssvæðinu séu virtar og ávallt til fyrirmyndar.

### **5.gr. Framlög og greiðslur Norðurþings**

Norðurþing skal greiða GH árleg fjárframlög samkvæmt greiðsluáætlun Norðurþings og GH. GH ber ábyrgð á því að sækja greiðslur til Norðurþings með því að senda reikning á skrifstofu Norðurþings.

Fjármagn til almenns reksturs – 7.813.098 kr.

Framlagið skal m.a. nýtt til að greiða kostnað við rekstur skrifstofu og félagssvæði GH og daglegs rekstrarkostnaðar svo sem launa vallarstjóra og annarra starfsmanna sem sjá meðal annars um rekstur, umsjón húsnæðis og skipulag barna- og unglíngastarfsins. GH annast húsvörslu, eftirlit, þrif og umhirðu í á félagssvæði sínu. Einnig skal framlagið nýtt til umhirðu vallar, kaup á áburði, verkkaup og viðhalds á vélum félagsins.

## Önnur framlög Norðurþings

Sérstakt framlag er greitt vegna snjómoksturs upp að félagsaðstöðu GH. Snjómokstur upp að félagssvæði GH. Snjómokstur er þar með á ábyrgð og umsjá Golfklúbbsins. Fyrir árið 2021 er framlagið 615.000 þúsund.

Verði að uppbyggingu á nýrri félagsaðstöðu GH verður snjómoksturframlag endurskoðað með hliðsjón af staðsetningu og aðkomu að nýju félagshúsnæði klúbbsins.

Norðurþing lætur GH í té 2 stk klippikort (samtals 800kg = andvirði kortanna er skv. Verðskrá Norðurþings)

Kortin eru afhent félaginu til að stuðla að því markmiði GH að umgengni á svæðinu sé til fyrirmyndar.

Einnig fær GH vinnuframlag úr vinnuskóla GH ef því verður við komið.

GH getur óskað eftir afnotum af Kubota vinnubíl Norðurþings á Húsavíkurvelli. Norðurþing mun verða við ósk GH eftir fremsta megni. Óskir um afnot af bílnum þurfa berast tímalega og í fullu samráði við vallaþinggjafa á Húsavíkurvelli. Viðmiðunarlánstími á sumri eru 20 klukkustundir.

## **Önnur verkefni GH**

Norðurþing getur leitað til GH um slátt á svæðum á Húsavík. Um slík verk skal gerður sér samningur þar sem verð og tíðni sláttar eru tiltekin.

## **6. gr. Rekstur og skilyrði**

GH leitast við að sýna ábyrgð í rekstri og tryggja að rekstur félagsins sé í jafnvægi. GH skilar inn ársskýrslu að loknu hverju almanaksári um starf félagsins. Í skýrslunni eru ársreikningar félagsins ásamt helstu upplýsingum um starf félagsins á liðnu almanaksári. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um barna og unglíngastarf, kynjaskipting og aldurskipting. Ársskýrslunni skal skilað inn fyrir 31.maí ár hvert. Hafi ársskýrsla ekki borist þann 30.júní hefur Norðurþing heimild til að stöðva greiðslur til félagsins.

## **7. gr. Samskipti og upplýsingagjöf aðila**

Aðalstjórn GH annast yfirumsjón á starfsemi félagsins.

Norðurþing tryggir að erindi sem berast sveitarfélaginu með öðrum hætti en frá stjórn GH verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi kemur fram fyrir hönd Norðurþings varðandi nánari framkvæmd samnings þessa og annast dagleg samskipti við GH varðandi samninginn. Allt að þrisvar á ári getur Norðurþing óskað eftir fundi þar sem íþróttafélagið gerir grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Boðun fundanna eru á ábyrgð Norðurþings.

Að loknu hverju starfsári skal haldinn upplýsinga- og samráðsfundur stjórnar Völsungs og Fjölskylduráðs. Íþróttta- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á að boða þennan fund.

Stjórn GH kemur fram fh. félagsins við Norðurþing varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

GH skal birta ársskýrslu á rafrænu formi á heimasíðu sinni eða á öðrum rafrænum miðli.

Samningur þessi skal vera aðgengilegur almenningi og birtur á heimasíðu Norðurþings.

## 8. gr. Ábyrgð stjórnar GH

Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggir að bókhald sé reglulega og réttilega fært. Öll framlög Norðurþings greiðast til stjórnar GH.

Aðalstjórn GH ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar í samræmi við áætlanir, samþykktir og lög aðalstjórnar.

GH gerir þær kröfur til sinna leiðbeinenda/þjálfara að þeir séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttgrein sem þeir leiðbeina í eða þjálfra. Félagið leitast við að styðja við bakið á áhugasömum einstaklingum við að afla sér menntunar og bæta við hana. Leiðbeinendur og þjálfarar undirrita ráðningarsamning við félagið þar sem fram koma skyldur þeirra um að fylgja starfsreglum félagsins og vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur.

Félaginu er óheimilt að ráða til starfa aðila sem sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Allir þjálfarar og ábyrgðarmenn sem starfa á vegum félagsins þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðsfélaga um hreint sakavottorð.

## 9. gr. Framtíðarsýn

Norðurþing hyggst greina þarfir og móta stefnu um uppbyggingu íþróttta- og tómstundarmannvirkja í sveitarfélaginu.

Þarfagreiningin verður unnin í samráði við helstu ábyrgðaraðila í íþróttta- og tómstundastarfi sveitarfélagsins. Kostnaður við vinnuna greiðist af Norðurþingi.

Norðurþing, GH og aðrir hagsmunaaðilar hefja hugmyndarvinnu að þróunarstarfi í samstarfi við leik-, og grunnskólann er snýr að því að fella íþrótt- og tómstundastarf inn í stundaskrá yngstu nemenda.

#### **10. gr. Vanefndir og ágreiningur**

Verði verulegar vanefndir eða forsendubrestur af hálfu annars hvors samningsaðila er heimilt að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara að undangenginni skriflegri áminningu um úrbætur. Ef ágreiningur kemur upp milli samningsaðila skulu þeir leita satta sín á milli.

#### **11. gr. Gildistími og önnur ákvæði**

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31.12.2022

Samningurinn er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

24.05.2022

Húsavík

F.h. GH

  
**NORÐURÞING**  
F.h. Norðurþings